



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2021-2022

Skýrsla kennslustjóra fjarnáms

Efniyfirlit

Inngangur	2
Haustönn 2021	2
Vorönn 2022	3
Sumarönn 2022	3
Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2021-2022, tölur úr gagnagrunni INNU.....	4
Fagnám verslunar og þjónustu	5
Tafla 2. Nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu, tölur úr gagnagrunni INNU. ...	5
Fjöldi ársnemenda skólaárið 2021-2022	6
Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2021-2022. .	6
Fjarnámsgjöld	6
Kennslukerfið.....	6
Hvers vegna ertu í fjarnámi?.....	7
Tafla 4. Fjarnemendur á haustönn 2021 flokkaðir eftir skólastigum.....	7
Mynd 1. Nemendahópar í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands á haustönn 2021.....	8
Gæðamál fjarnáms	9
Gæðastaðall fjarnáms.....	9
Fjarkennsla til framtíðar.....	10
Kennslustjóri fjarnáms	10
Fyrirlestur um fjarnám og fjarkennslu	11
Lokaorð	11
Tilvitnanir	12

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2021-2022. Til viðbótar við hefðbundna fjarnámið, kom fagnám verslunar og þjónustu til sögunnar á vorönn 2020 og verður því einnig gerð skil hér. Helstu viðfangsefni skólaársins verða einnig til umfjöllunar en þau eru samantekt frá haustönn 2021 um hvers vegna nemendur skráðu sig í fjarnám, og gæðamál fjarnámsins.

Haustönn 2021

Á haustönn 2021 var 103 áfangi kenndur, en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2020 voru 101. Fjarkennarar voru 50 þessa önnina, allt þaulreyndir kennarar.

Á haustönn 2021 voru 451 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2021 voru 74 nemendum fleiri en á haustönn 2020 og fjölgaði nemendum því um 19,6% á milli þessara ára.
- Af 451 nemendum haustannar 2021 voru 46 (10,2%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 405 (89,8%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2020 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi nánast sá sami, eða 45 og það hlutfall var þá 11,9%.
- Af 451 nemendum haustannar 2021 voru 74 (16,4%) nemendur grunnskóla, sem er svipað hlutfall og á haustönn 2020 því þá var þessi fjöldi 63 nemendur og 16,7% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 451 nemendum haustannar 2021 voru konur 257 (57,0%) og karlar 194 (43,0 %) en á haustönn 2020 voru samsvarandi gildi 62,1% og 37,9%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2021 var 20,9 ár, en á haustönn 2020 var þessi tala ívið hærri eða 22,5 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2021 voru nemendur fæddir 2003, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla það haustið. Haustið 2020 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 2002) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 8,77 nýjar einingar á haustönn 2021 og sambærileg tala fyrir haustönn 2020 var 8,75 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2021 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2021 voru skráðir í 3955 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2680 einingar en það voru 67,8% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2020 skiluðu 70,5% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á haustönn 2022 voru 65,9 og til prófs skiluðu sér 44,7. Sambærilegar tölur fyrir haustönn 2020 eru 55,0 og 38,8 ársnemendur. Sjá töflu 1.

¹<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2021/> Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Vorönn 2022

Á vorönn 2022 voru 105 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2021 voru alls 108. Fjarkennarar á vorönn 2022 voru 50 og þar af einn sem ekki hafði fjarkennt áður.

Á vorönn 2022 voru 519 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2022 var 37 nemendum færri en á vorönn 2021, þetta er 6,7% fækkun á milli ára.
- Af 519 nemendum vorannar 2022 voru 125 (24,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 394 (76,0%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er hærra en á vorönninni á undan en þá var það 20,0%.
- Af 519 nemendum vorannar 2022 voru 120 (23,0%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2021 voru sambærilegar tölur 97 (17,5%).
- Af 519 nemendum vorannar 2022 voru konur 297 (57,2%) og karlar 222 (42,8%) en á vorönn 2021 var hlutfall kvenna 59,2% og karla 40,8%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2021 var 19,8 ár, en þessi tala er lægri en á vorönninni á undan en þá var hún 21,6 ár og skýrst þessi munur án efa af herra hlutfalli grunnskólanemenda á vorönn 2021.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2022 voru nemendur fæddir 2003, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2021 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2002) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 8,32 nýjar einingar á vorönn 2022, en sambærileg tala fyrir vorönn 2021 var 7,85 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2022 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2022 voru skráðir í 4316 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3159 nýjar einingar en það voru 73,2% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2021 skiluðu 76,6% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á vorönn 2021 voru 71,9 og til prófs skiluðu sér 52,7. Sambærilegar tölur fyrir vorönn 2021 eru 72,8 og 55,7 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Sumarönn 2022

Á sumarönn 2022 voru 87 áfangar kenndir. Áfangar á sumarönn 2021 voru 101 Fjarkennarar á sumarönn voru 40, allt þaulreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2022 voru 624 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

²<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2022/> . Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2022 var 70 nemendum færri en á sumarönn 2021 og er það 10,1% fækkun á milli ára.
- Af þessum 624 nemendum sumarannar 2022 voru konur 355 (56,9%) og karlar 269 (43,1%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2021 eru mjög áþekkar, eða 56,6% konur og 43,0% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2022 var 19,7 ár, en það er ívið lægri meðalaldur en á sumarönn 2021 (20,6 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2024 voru nemendur fæddir 2004, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2021 var árgangurinn 2003 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 8,9 nýjar framhaldsskólæiningar á sumarönn 2022. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2021 var 9,1 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2022 á heimasíðu skólans³.

Nemendur á sumarönn 2022 voru skráðir í 5552 nýjar framhaldsskólæiningar. Til lokaprófs skiluðu sér 3785 einingar. en það gera 68,17% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2021 skiluðu 63,3% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á sumarönn 2022 voru 92,5 og til prófs skiluðu sér 63,1 ársnemendur. Sambærilegar tölur fyrir sumarönn 2021 voru 105,0 og 66,4 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Önn_fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
H21	451	8,77	3955	2680	65,92	44,67	67,76
V22	519	8,32	4316	3159	71,93	52,65	73,19
S22	624	8,90	5552	3785	92,53	63,08	68,17
Alls	1594	8,67	13823	9624	230,38	160,40	69,62

Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2021-2022, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2021 til 2022 eru 230,4 þegar skráðar einingar eru taldar, en 160,4 þegar litið er til þreyttra eininga. Mæting í próf á þessu tímabili er tæplega 70%. Fjarnám skólans er því eins og framhaldsskóli með 230 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við tæplega 70% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

³<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2022/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

Fagnám verzlunar og þjónustu

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verzlunar og þjónustu fyrir starfandi verzlunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verzlunar- og skrifstofufólks. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólalæningar.

Á haustönn 2021 voru loturnar að venju tvær. Alls voru 28 nemendur samtals við nám á önninni, 28 í fyrri lotunni en 26 í þeirri seinni. Þessir nemendur voru skráðir í 279 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,0 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 232 einingum. Þessa önnina voru 4,65 ársnemendur skráðir til náms og 3,87 ársnemendur luku áföngum. Fagnámsnemendur vorannar luku við 83,15% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Sjá töflu 2.

Á vorönn 2022 voru 41 nemendur við nám í tveimur lotum á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 415 einingar samtals á önninni og samsvarar það 10,1 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 380 einingum. Alls voru 6,92 ársnemendur skráðir til náms þessa önnina og 6,33 ársnemendur luku áföngum. Luku þessir nemendur við 91,57% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Sjá töflu 2.

Á sumarönn 2022 var ekki boðið uppá áfanga fyrir nemendur í fagnámi verzlun og þjónustu. Reynslan frá árinu á undan sýndi okkur að nemendur þurftu þann tíma til að taka sér frí frá náminu. Eftir þessa sumarönn útskrifaðist einn nemandi með stúdentspróf sem hafði fengið fagbréf í verzlun og þjónustu á haustönn 2020.

Önn_fagnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H21	28	10,0	279	232	4,65	3,87	83,15
V22	41	10,1	415	380	6,92	6,33	91,57
Alls	69	10,1	694	612	11,57	10,20	88,18

Tafla 2. Nemendur í fagnámi verzlunar og þjónustu, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 2 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fagnámi verzlunar og þjónustu er tæplega 11,6 þegar skráðar einingar eru taldar, en 10,2 þegar litið er til þreyttra eininga. Rúmlega 88% skráðra eininga lýkur með þreyttum einingum.

Í lok haustannar 2021 útskrifuðust tveir nemendur með fagbréf í verzlun og þjónustu og þrír í lok vorannar 2022, þar af tveir með stúdentspróf líka. Skólaárið 2020-2021 útskrifuðust 7 nemendur með fagbréf í verzlun og þjónustu. Alls hafa því ellefu nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verzlun og þjónustu og fjórir með stúdentspróf að auki.

Fjöldi ársnemenda skólaárið 2021-2022

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði skólaárið 2021 – 2022, kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru rúmlega 240. Þreyttar einingar gáfu rúmlega 170 ársnemendur sem gera að meðaltali rúmlega 70% mætingu í próf þessar annir. Sjá nánar í töflu 3.

Önn_fjarnám/fagnám	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H21	4234	2912	70,57	48,53	68,78
V22	4731	3539	78,85	58,98	74,80
S22	5552	3785	92,53	63,08	68,17
Alls	14517	10236	241,95	170,60	70,51

Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2021-2022.

Þegar fagnám og fjarnám skólans er tekið saman, þá er það eins og framhaldsskóli með 242 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við rúmlega 70% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

Fjarnámsgjöld

Á sumarönn 2020 var kennslugjaldið lækkað úr 3600 krónur á einingu niður í 2700 krónur á einingu og skráningargjaldið úr 7200 krónum í 6000 krónur per önn. Miðað við þetta þá kostaði 5 eininga áfangi nemandann 13500 krónur og svo bættust við 6000 krónur skráningargjald á önn. Nemendur dagskóla Verzlunarskólans greiddu ekki skráningargjaldið og grunnskólanemendur eingöngu skráningargjaldið. Gjaldskráin var lækkuð til að koma til móts við nemendur á erfiðum tímum þegar heimsfaraldur gekk yfir plánetuna.

Í upphafi vorannar 2022 voru gjöldin hækkuð aftur í fyrra horf og frá þeim tíma hefur kennslugjaldið verið 3600 krónur per einingu og skráningargjaldið 7200 krónur á önn. Nemendur dagskóla Verzlunarskólans greiða eftir sem áður einungis kennslugjaldið, það sama gilti um grunnskólanemendur fram til haustannar 2022 því frá og með þeim tíma greiða þeir gjöld að fullu.

Kennslukerfið

Í upphafi vorannar 2022 var kennslukerfið, Moodle, uppfært úr útgáfu 3.6 yfir í 3.11. Það var gert með því að flytja áfanga í notkun, einn af öðrum, úr gamla kennslukerfinu yfir í það nýja. Með þessu móti voru gamlir áfangar sem hafa ekki verið notaðir lengi skildir eftir

í gamla kennslukerfinu. Í gamla kennslukerfinu voru alls 775 áfangar, þar af 125 í stærðfræði og 125 í ensku. Í nýja kennslukerfinu eru núna þegar þetta er skrifað alls 190 áfangar. Flutningar tókust vel og kerfið var reiðubúið til kennslu þann 25. janúar þegar vorönn fjarnáms gekk í garð.

Nýja kennslukerfið hefur í stórum dráttum reynst vel, en þó hefur það valdið ama að póstur frá því hefur stundum ekki borist þaðan og yfir í Outlook. Brýnt er að leysa það vandamál svo hægt sé að treysta á kerfið.

Hvers vegna ertu í fjarnámi?

Þegar nemendur skrá sig í fjarnám, eru þeir beðnir um að svara spurningu: *Hvers vegna ertu í fjarnámi?*. Á haustönn 2021 voru svör þeirra tekin saman og gerð skýrsla um niðurstöðuna. Skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu skólans⁴.

Þegar samantektin var gerð voru fjarnemendur 431, en þeim fjölgaði um 20 þegar líða tók á önnina. Til að sundur greina hópinn eftir skólastigum voru gögn fengin úr INNU⁵ varðandi hvort nemendur væru skráðir í framhaldsskóla og þá í hvaða framhaldsskóla. Upplýsingar um grunnskólanemendur voru fengnar með því að fletta nemendum upp í umsóknarvef INNU. Upplýsingar um nemendur í háskólum voru fengnar úr svörum sem nemendur gáfu þegar þeir sóttu um fjarnám.

Í þessum heimildum kom fram að stærsti hluti nemenda (35,3%) var ekki skráður í skóla þá önnina, en næst stærsti hlutinn (34,6%) var í öðrum framhaldsskólum en Verzlunarskólanum. Þriðji stærsti hópurinn (18,8%) voru grunnskólanemendur og nemendur í dagskóla Verzlunarskólans voru fjórði stærsti hópurinn (10,2%). Minnsti hópurinn voru nemendur skráðir í háskóla (1,2%). Sjá niðurstöður í töflu 4, þar koma einnig fram upplýsingar um kynjaskipting nemenda, fæðingaár og meðalaldur.


Nemendur	Fjöldi	% af heild	Konur	% konur	Karlar	% karlar	Fæðingar ár	Meðalaldur
Grunnskóla	81	18,8	47	58,0	34	42,0	2006-2008	15
Versló	44	10,2	28	63,6	16	36,4	2003-2006	17,2
Annarra framhaldsskóla	149	34,6	88	59,1	61	40,9	1989-2005	18,9
Háskóla	5	1,2	5	100	0	0	2000-2003	19
Ekki í skóla	152	35,3	76	50	76	50	1946-2005	25,3
Alls	431		244	56,6	187	43,4	1946-2008	19,08

Tafla 4. Fjarnemendur á haustönn 2021 flokkaðir eftir skólastigum.

Samkvæmt þessu má segja að fjarnemendahópur Verzlunarskóla Íslands sé samansettur úr fjórum hópum: Þriðjungur eru nemendur ekki skráðir í skóla, þriðjungur eru nemendur annarra framhaldsskóla og þriðjungur eru nemendur grunnskóla og dagskóla Verzlunarskólans samanlagt. Nemendur í dagskóla Verzlunarskóla Íslands eru tíundi hluti af heildinni og nemendur grunnskóla tæplega fimmtungur. Þetta kemur fram á mynd 1.

⁴ https://www.verslo.is/media/2017/fjarnemendur_H21_samantekt.pdf

⁵ <https://admin.inna.is/>



Mynd 1. Nemendahópar í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands á haustönn 2021.

Þegar svör nemenda við spurningunni „Hvers vegna ertu í fjarnámi“ eru skoðuð, þá kemur fram að flestir sem skráðu sig í fjarnám voru enn í framhaldsskólum landsins og stefndu á stúdents- eða iðnpróf. Þetta var um 45% hópsins, 10% í dagskóla Verzlunarskólans og 35% í öðrum framhaldsskólum.

Grunnskólanemendur tiltóku sem helstu ástæður fyrir fjarnáminu að þeir væru búnir með grunnskólanámsefnið í viðkomandi grein. Einnig nefndi hópur að þeir hefðu búið erlendis og vildu viðhalda tungumálinu sem þeir lærðu þar. Nokkrir tiltóku að þeir væru tvítýngdir og tækju þess vegna tungumál í fjarnámi.

Stærsti hópur nemenda í dagskóla Verzlunarskóla Íslands tiltók fall í áfanga á fyrri önn sem aðalástæðu fyrir fjarnáminu. Næst stærsti hópurinn nefndi að hann væri að koma úr öðrum skólum og þyrfti því að taka áfanga í fjarnámi sem núverandi bekkur hans hefði tekið á fyrri önnum. Brautaskipti, bekkjaskipti og skiptinám var einnig tiltekið sem ástæður fyrir fjarnámi. Sumir taka áfanga í fjarnámi í stað valáfanga í dagskólanum og einnig eru nokkrir að taka auka áfanga vegna undirbúnings fyrir háskólanám.

Nemendur annarra framhaldsskóla en Verzlunarskólans nefndu sem ástæður fyrir fjarnáminu að þeir væru að bæta við sig áföngum eða einingum til stúdentsprófs. Þeir hefðu fallið í þessum áföngum á fyrri önnum, áfangar væru ekki kenndir í þeirra skólum eða kæmust ekki í stundatöflur nemenda á önninni.

Af þeim nemendum sem voru ekki skráðir í skóla nefndu um þrjár fjórðu hlutar að þeir stefndu á lokapróf úr framhaldsskóla en gætu ekki sótt dagskóla vegna búsetu, fjölskylduaðstæðna, fötlunar, kvíða eða vinnu. Tæplega fimmtungur þeirra sem ekki voru skráðir í skóla tilgreindu að þeir væru með stúdentspróf en þyrftu að bæta við sig áföngum

vegna fyrirhugaðs háskólanáms. Að lokum er lítill hópur fjarnemenda sem er ekki skráður í skóla sem tilgreinir að hann skráði sig í fjarnám vegna áhuga og vilja til að læra meira.

Athyglisvert er að konur eru fjölmennari í fjarnámi en karlar á öllum önnum frá upphafi. Haustið 2021 er þar engin undantekning því þá voru konur tæplega 57% og karlar rúmlega 43%. Sjá nánar í töflu 4.

Gæðamál fjarnáms

Gæðateymi skólans ákvað í byrjun árs 2022 að kominn væri tími til að vinna með gæðamál fjarnámsins. Í stað þess að gera könnun á meðal fjarnemenda um gæði fjarnámsáfanga, var ákveðið að gera gátlista fyrir fjarkennara sem þeir gætu nýtt til að meta áfangana sína. Markmiðið með því var að með þessu fengju fjarkennarar tæki til að íhuga framsetningu áfanga sinna og um leið tækifæri til að gera þá betri.

Gátlistinn varð til út frá allri þeirri vinnu sem fjarkennarar hafa lagt í gæðamál á liðnum árum, svo sem⁶:

- Umfjöllun frá árinu 2005 um hvað þarf að vera í fjarnámsáföngum þegar nemendur fá aðgang.
- Vinnu stefnumótunarhóps um fjarnám veturinn 2006 – 2007.
- Jafningjamati fjarnámsáfanga á vorönn 2008.
- Nemendakönnun um gæði fjarnáms og fjarkennslu frá 2008, 2009 og 2016.
- Könnun Menntamálaráðuneytis um gæði fjarnáms og fjarkennslu frá 2010.
- Vinnunni í kringum *Blásið til sóknar* á vorönn 2020.

Gátlistinn var birtur á heimasíðu skólans⁷. Viku eftir að kennarar fengu gátlistann, voru þeir beðnir um að svara könnun um hvernig áfangar þeirra komu út miðað við gátlistann. Gæðastjóri tók saman skýrslu um niðurstöður þessara könnunar og er hægt að nálgast hana á heimasíðu skólans⁸.

Í framhaldinu voru síðan fagstjórar beðnir um að fara vel yfir áfangalýsingar og innihald fjarnámsáfanga og bera þá saman við sömu áfanga dagskólans, því mikilvægt er að þessir áfangar séu sambærilegir að gæðum bæði hvað varðar efnisinnihald og verkefni. Kennslustjóri fjarnáms fékk síðan umfjöllun fagstjóra í hendurnar og í flestum tilfellum samsvöruðu fjarnámsáfangar vel áföngum dagskólans. Í einstaka áföngum þurfti úrbætur og stendur sú vinna yfir þegar þetta er skrifað.

Gæðastaðall fjarnáms

Í tengslum við vinnu um gæðamál fjarnáms var ákveðið að gera gæðastaðal fyrir fjarnámsáfanga. Rætt var um hvaða atriði ætti að nefna í þessum gæðastaðli og hversu

⁶ <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/mat-a-gaedum/>

⁷ https://www.verslo.is/media/fjarnam/gatlisti_v22.pdf

⁸ https://www.verslo.is/media/fjarnam/konnun_medal_fjarkennara.pdf

ítarlegur hann ætti að vera. Var ákveðið að gæðastaðallinn þyrfti að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessum málum og þar hefur meðal annars þetta komið fram:

- Stefnunótunarhópur um fjarnám, 2006-7: Sömu kröfur eiga að gilda í sömu áföngum dagskóla og fjarnáms, námsefni á að taka mið af námsefni dagskóla og lokanámsmat á að vera sambærilegt. Í þessari vinnu var mesta áhersla lögð á skipulag fjarnámsáfanga og samskipti kennara og nemenda.
- Jafningjamat sem unnið var á vorönn 2008 en þá heimsóttu kennarar áfanga hvers annars.
- *Blásið til sóknar* á vorönn 2020, en þar voru vinnustofur þar sem kennarar sýndu fjarnámsáfanga sína, hópavinna um hvaða þættir einkenndu góðan fjarnámsáfanga og hvaða tæki og tól kennarar þyrftu til að koma námsefni á rafrænt form.
- *Fjarkennsla til framtíðar* á vorönn 2022 þar sem gæðamál fjarnámsins voru til skoðunar.

Þessari vinnu lauk ekki á skólaárinu 2021 – 2022 og hefur þráðurinn verið tekinn upp á haustönn 2022 og ætlunin er að birta fyrstu drög á haustdögum 2022.

Fjarkennsla til framtíðar

Í framaldi af vinnu gæðateymis um gæðamál fjarnáms, var ákveðið að fjalla um viðfangsefnið á kennarafundi um skólaþróun. Fundurinn var haldinn þann 23. febrúar 2022 og var yfirskrift fundarins „Fjarkennsla til framtíðar. Glærurnar með erindum er hægt að nálgast á heimasíðu skólans⁹.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- Sigurlaug Kristmannsdóttir: Gæðastaðall fyrir fjarnámið.
- Ásta Henriksen: Moodle vs. Inna.
- Gylfi Hafsteinsson: Turnitin, verkfæri sem nýtist bæði kennurum og nemendum.
- Þórhalla Arnardóttir: Matskvarðar (Rubrics) og Turnitin.
- Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir: Matskvarðar (Rubrics) og Moodle.
- Ármann Halldórsson og Helga Benediktsdóttir: Heimsókn í Moodle áfanga.
- Ingibjörg S. Helgadóttir: Könnun meðal fjarnámskennara, niðurstöður.

Í framhaldinu af þessum fundi tók Þórhalla Arnardóttir að sér að halda námskeið um matskvarða í INNU og Moodle. Námskeiðið fór fram þann 8. mars og var aðsókn nokkuð góð.

Kennslustjóri fjarnáms

Í október 2021 var gerð breyting á skipuriti skólans og stafsheiti fjarnámsstjóra varð kennslustjóri fjarnáms. Á sama tíma var starf áfangastjóra lagt niður og ný staða

⁹ https://www.verslo.is/media/fjarnam/fjarkennsla_til_framtidar_glaerur_23.2.2022.pdf

kennslustjóra dagskóla varð til. Þar með er þessi tvískipta starfsemi skólans orðin jafngild samkvæmt skipuritinu.

Fyrirlestur um fjarnám og fjarkennslu

Þann 23. mars 2022 var kennslustjóri fjarnáms með kynningu á fjarnáminu í skólanum okkar á námskeiðinu *Fjarnám og kennsla* í Háskóla Íslands. Sólveig Jakobsdóttir prófessor bað um þennan fyrirlestur og vildi hún að umtalsefnið yrði í stuttu máli yfirlit yfir skipulag fjarnámsins í Verzlunarskóla Íslands, eitthvað um gæðamálin og þróunina í COVID og áhrif fjarnámsins á staðnám og öfugt. Glærurnar frá þessum fyrirlestri eru á heimasíðu skólans¹⁰.

Í fyrirlestrinum var meðal annars fjallað um skipulag fjarnámsáfanga, kennslukerfið, námsefni, námsmat, fjarnemendur og mat á gæðum fjarnáms og fjarkennslu. Gátlisti fyrir fjarkennara hafði nýlega verið saminn þegar þessi fyrirlestur var haldinn og sýndu háskólanemendur honum mikinn áhuga. Þeirra vegna var gátlistinn settur á netið.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 17 ár. Því má með sanni segja að það hafi slitið barnsskónum. Fram undan eru fullorðinsárin og því tími til að fara yfir þroskaferilinn og skoða hvað við höfum lært og hvert við viljum stefna. Lengi býr að fyrstu gerð og mikilvægt er að nota fengna reynslu og móta stefnuna til framtíðar. Hvað viljum við verða, hvernig sjáum við fyrir okkur að fjarnámið vaxi samhliða dagskólanáminu? Þetta eru spurningar sem við ætlum að svara á vetri komanda og búa þannig í haginn svo fjarnámið okkar geti haldið áfram að vaxa.

Reykjavík 27. september 2022
Sigurlaug Kristmannsdóttir,
kennslustjóri fjarnáms í VÍ

¹⁰ https://www.verslo.is/media/2017/fjarkennsla_sigurlaug_kristmannsdottir.pdf

Tilvitnanir

1. Fjarnemendur á haustönn 2021:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2021/>

2. Fjarnemendur á vorönn 2022:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2022/>

3. Fjarnemendur á sumarönn 2022:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2022/>

4. Skýrsla: *Hvers vegna ertu í fjarnámi?*

https://www.verslo.is/media/2017/fjarnemendur_H21_samantekt.pdf

5. Admin vefur INNU:

<https://admin.inna.is/>

6. Mat á gæðum fjarnáms:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/mat-a-gaedum/>

7. Gátlisti fyrir fjarnámsáfangar:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/gatlisti_v22.pdf

8. Könnun meðal fjarkennara, niðurstöður:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/konnun_medal_fjarkennara.pdf

9. Fjarkennsla til framtíðar, glærur frá stefnumótunarfundi:

https://www.verslo.is/media/fjarnam/fjarkennsla_til_framtidar_glaerur_23.2.2022.pdf

10. Fjarnám og fjarkennsla, glærur frá fyrirlestri fyrir Háskóla Íslands

https://www.verslo.is/media/2017/fjarkennsla_sigurlaug_kristmannsdottir.pdf